

Ríðum, ríðum, ríðum yfir Rússland - syngur Nató

Mörgum hefur þótt Rússland sýnd veiði, en gefin er hún ekki eins og dæmin sanna; musterisriddararnir, Mongólar, Englendingar, Tyrkir, Þjóðverjar, Frakkar, svo dæmi séu tekin. Napóleón fór fyrir herjum Frakka, sem í raun var blandaður her Evrópuþjóða. Allir hafa þessir herir beðið afhroð.

Tilburðir Bandaríkjamanna og Evrópuþjóða til staðgengisstríðs við Rússa í Úkraínu er nýr harmleikur, sem hefur kostað fleiri hundruð þúsund mannlíf, að mestu karlmenn í blóma lífsins, sem skilja eftir sig syrgjandi ekkjur og föðurlaus börn. Enn er bitið í skjaldarrendur. Íslendingar eru þó hættir að senda þangað skæði og sokka og sækja hunda og ketti.

En friðarsamtökin, Nató, eru engan veginn af baki dottin. Þau gerðu innrás í Rússland og hælást af því. Englendingar og Þjóðverjar metast um, hver eigi bestu bryndrekana á vettvangi. Vopn frá Vesturlöndum flæða inn.

Bretar eru iðnir við kolann og aumingja Danirnir reyna nú einu sinni enn að blandar sér í stríð. Orrustupoturnar, sem flögruðu yfir Serbíu við myndatöku í stríði Nató við Serba, eru nú komnar til Úkraínu, liggja í leynt og bíða eftir langdrægum drápsflaugum.

Það er von að Mette minnkabani sé hamingjusöm. Hún ku líka að vera að ná sér, eftir að pólska fyllibyttan stuggaði við henni. En það fer engum sögum af kafbátum, sem sendur var af stað til Serbíu, en sneri við í Gíbraltarsundi, því þá var stríðinu lokið. Það væri upplagt að senda hann í austurveg aftur. Fleyið mætti lóna í námunda við Azkovhaf eða Krímskaga, ef Bretar vildu spreyta sig á að sprengja Kerch brúna einu sinni enn.

En innrásin gæti spillt lífinu í Natóskóginum. Þar eru ekki allir vinir eins og í Hálsaskógi. Það má ljóst vera, að hvorki Slóvakar né Ungverjar vilji hafa neitt með þetta flas að gera. Öðru máli gegnir um Breta, sem eru ámóta stríðsóðir og Eystrasaltsríkin. Þeir eru reyndar svo blóðölvi, að Bandaríkjamenn, sem kalla ekki allt ömmu sína í þeim efnum, verða hálfheimnir.

Varla er um að kenna hræðslu þeirra við heimsstyrjöld, því rýmkaðar hafa verið reglur um beitingu kjarnorkuvopna og mikilvægum samningum á því sviði sagt upp. Trúlega kæmi það ónotalega við kosningasjónarspilið á heimavelli.

En, en! Aðal-stríðsóvitarnir í Nató syngja; Ríðum, ríðum, ríðum yfir Rússland. Þeir hafa ekkert lært eins og óvitum er tamt. Það er ekki ólíklegt, að þangað hafi ratað nasistar og ISIS-liðar víðsvegar úr veröldinni, jafnvel þeir, sem lifað hafa af átökin við Rússa, innan (fyrirverandi) landamæra Úkraínu.

Þeir ríða með allt niður um sig og flýja eins og hræddar hænur króaðir af inni í Rússlandi. Allar 174 þjóðir (eða þjóðernisbrot) Rússneska ríkjasambandsins virðast flykkjast um rússneska herinn og mana hann til að tortíma Úkraínu. Þess vegna hefur Vondi-Valdi í vök að verjast. Hann vill ekki lengur reyna að semja, en vonandi brestur hann þó ekki þolinmæði og varkárni. Hann skilgreinir innrásina sem hryðjuverk Nató.

Joseph Biden er sigurviss: „Bendið á eina þjóð í veröldinni, sem ekki lítur svo á, að Bandaríkjamenn séu leiðtogar heimsins. Án Bandaríkjanna – hugsíð, þetta er ekki brandari – ég tala bókstaflega; hver er betur í stakk búinn en Bandaríki Norður-Ameríku til að stjórna veröldinni. Og viti menn! Bandaríkin eru að vinna og veröldin er betri staður fyrir bragðið.“

Sjálfbirgingshátturinn er hryggilegur og dómgreindarleysið átakanlegt. Þessi maður er leiðarljós Íslendinga í utanríkismálum.

Viðundrið, Volodymyr, sem fórnað hefur þjóð sinni og heldur í kúgunarkrumlum, hefur pakkað föggum sínum. Síðasta kúgunartilbrigðið var að banna rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna. Vonandi krefjast íslenskir kjósendur þess, að íslenska stríðsríkisstjórnin fari að dæmi Volodymyr.

https://steigan.no/2024/08/ukrainas-kursk-angrep-framskynder-nederlagene-langs-fronten/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/kievs-plan-to-ban-the-ukrainian-orthodox?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=147991789&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/08/det-ukrainske-parlamentet-vil-forby-ortodoks-kirke-med-historiske-band-til-russland/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.realnewsandhistory.com/anyt-08-21-24/>

<https://gilbertdoctorow.com/2024/08/20/dialogue-works-ukraines-defeat-in-kursk-region/>

<https://www.youtube.com/watch?v=KU0OsMBaP28>

<https://www.moonofalabama.org/2024/08/ukraine-sitrep-western-media-dismiss-ukraines-kursk-offensive.html#more>

<https://www.youtube.com/watch?v=8CwXbyxocTM>

https://www.youtube.com/watch?v=Uq2YWan_h7c

<https://gilbertdoctorow.com/2024/08/20/can-the-ukrainian-invasion-of-kursk-province-destabilize-russia/>

<https://www.prospectmagazine.co.uk/world/europe/ukraine/67583/natos-folly>

https://www.kitklarenberg.com/p/britains-kursk-invasion-backfires?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=147955395&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=e6s6k7r0lbs>

<https://www.bild.de/politik/ausland-und-internationales/ukrainer-ruecken-mit-deutschen-panzern-in-russland-vor-66b45f700e364e6d0ab328d9>